

Fundur í Rekstrarstjórn Félagsheimilanna þriðjudaginn 10.mars 2015 klukkan 20.30 í Félagslundl. **nr. 7.**

Mætt eru: Veronika Narfadóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Elín Höskuldsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Stefán Geirsson, Rúnar Magnússon, Reynir Jónsson og Guðrún E.Gunnarsdóttir sem varamaður fyrir Anný Ingimarsdóttur. Guðrún ritaði fundargerð í forföllum Rósu Matthíasdóttur.

### 1. Fundargerðir rekstrarstjórnar:

Rætt um fundargerðir nefndarinnar, komið hafa athugasemdir um að þær mættu vera skýrari og betur uppsettar. Gott væri ef það væri hægt að fullklára þær á fundum, prenta út og fundarmenn undirrituðu. Þetta myndi kalla á að fundað yrði á stöðum þar sem aðgangur væri að prentara eða kaupa nettan prentara til að taka með. Verður betur skoðað.

### 2. Aðalfundur félagsheimilanna og breytingar á rekstrarstjórn:

Framtíð Rekstrarstjórnar: Stefán hitti sveitarstjóra og oddvita í morgun og fór yfir ýmis mál, fékk afhent gögn úr bókhaldi og kynnti hugmyndir um breytta stjórnarhætti nefndarinnar.

Aðalfundur Rekstrarstjórnar verður haldinn 24.mars og verður boðað til hans með dreifibréfi sem sent verður á alla bæi í Flóahreppi. Þar verður kynnt tillaga nefndarinnar að breyttum starfsháttum sem nefndin verður búin að vinna.

Stefán skýrði frá hugmyndum sínum og spurði nefndarfólk um skoðun þess á hugmyndinni. Hann leggur til að nefndin verði lögð niður í núverandi mynd og setja daglegan rekstur í hendur húsvarða í samvinnu við sveitarstjóra og umsjónarmann fasteigna. Að ráðinn verði verkefnastjóri til viðburða eins og Fjör í Flóa og Tónahátíð sem ynni í samstarfi við ungmennafélög, kvenfélög og húsverði. Hin eiginlega Rekstrarstjórn héldi meira utan um rekstur en viðburði og fundaði sjaldnar. Vangaveltur um hvort bæta mætti meira á húsverði nema tryggja launakjör og að fundir yrðu á vinnutíma og þessháttar. Ýmsar vangaveltur komu fram en flestir sammála breytingum. Stefán setur upp drög og kynnr á aðalfundi. Áriðandi að fulltrúar ungmenna- og kvenfélaga mæti á fundinn. Einnig mun Stefán verða búin að setja upp niðurstöður úr bókhaldi þar sem kemur fram hvernig húsinn reka sig hvert og eitt.

### 3. Fjör í Flóa:

Reynir var búinn að tala við Sólveigu á Skúfslæk um barnamessu í einhverri kirkju sveitarfélagsins, hún ætlar að tala við prest og finna stað og stund.

Einnig var Reynir búinn að athuga með Grillvagninn sem Félag Sauðfj árbænda rekur og tóku þeir vel í að grilla lambakjöt á hátíðinni, þetta kostar okkur ekkert, er kynning fyrir þá. Talað var við Önnu Gretu skólastjóra en hún er menntuð í viðburðastjórnun, hún tók vel í að aðstoða við uppsetningu hátíðarinnar, ræða betur við hana.

Stefán ekki búinn að tala við Margréti Blöndal, Ragnar í Brandshúsum og Sturla á Fljótshólum. Búið að tala við Ingunni á Hallanda varðandi það hvort einhver í Flóahreppi sé á vegum Matís í sértækum matvælaíðnaði, það er ekki.

Rósa er erlendis þannig að það vantaði upplýsingar um það sem hún tók að sér en hún ætlaði að skoða kynna á kvöldvöku, t.d. Björk Jakobsdóttur eða Eddu Björgvinsdóttur. Fá fljótt svör frá henni um þetta.

Veronika var búin að tala við Byko og Skemmtilegt ehf. Um hoppukastala. Byko er með betri afslátt en eitthvað spurning um að sækja til Reykjavíkur, Rúnar gæti reddað því og sótt á kerru. Verð hjá Byko á tveimur kastölum, einn fyrir yngri og einn fyrir eldri er krónur: 64800. Veronika klárar málið og talar betur við Byko. Einnig var hún búin að tala við Malin á Tindum um að vera með hest fyrir vagni og tók Malin vel í það. Talað var við eiganda Fjallkonunnar(verslun) um sölubás með sælkeravörum úr héraði en þar voru ekki jákvæð viðbrögð, bent á að tala beint við framleiðendur. Ath. Beint frá býli, Búrið.

Elín sagði frá Kleinuhringjavagninum sem var við FSU fyrir skemmstu og vakti mikla lukku, hún athugar með það.

Morgunmaturinn á laugardeginum frá 9-12 er að venju í boði kvenfélaga, nú ætla kvenfélögin að vera saman í þessu.

Ingibjörg sagði að nú þegar væri búið að panta 3 bása fyrir sölu handverks og ætti að bætast við það þegar nær dregur. Leikhópurinn Lotta kemur með Söngvasyrpu. Og það verður þjóðbúningakynning og sýning á þjóðbúningaskartí.

Opin hús.

Lilja á Urriðafossi ætlar að hafa opið hús á laugardeginum og sýna fjós og garð. Einnig bílskúrssala á sama stað. Þetta er frá klukkan 13-17.

Anný ætlaði að tala við eigendur Vallarhjáleigu.

Gamla Þingborg, Austur –Meðalholt, Fanndís á Brúnastöðum. Stefán athugar.

Tré og list, Inga athugar.

Formax og Gangmyllan , Guðrún athugar.

Egilsstaðakot og Stóra-Ármót, fjárhús ath.

Ungmennafélagið Baldur verður trúlega með andlitsmálingu, candyfloss og jafnvel eitthvað fleira.

Kvöldvaka: Leikþáttur frá Vöku.

Kvennakór, verið að tala við Jórurnar, Ljósbrá og Uppsveitasystur.

Tala við Tomma á Kaffi krús um hvort hann vilji vera og selja súpu. Gekk ágætlega síðast.

Kynnir verður kannski með uppistand.

Glímusýning, Stefán athugar.

Rúning á sauðfé, Reynir settur málið. Væri hægt að sýna rúning og svo vinnslu ullar á sama tíma. Gömul vinnubrögð, það var verið að kenna þetta hjá Fræðsluneti Suðurlands, tala við Helgu Baldursdóttur. Hafa mann til að lýsa rúningunni, Guðmundur Hallgrímsson.

Sýning á gömlum vélum og dráttarvélum. Rúnar athugar.

Lífandi dýr á staðnum. Hundar, kettir, geitur, ungar, kálfar. Auglýsa eftir dýrum til sýningar.

Tala betur við sprengjuKötu.

Athuga með kassaklifur hjá Björgunarsveit, setja Sigmar í málið.

Gönguferðin á föstudaginn: Stefán kom með hugmyndir um Loftstaðahól, fá einhvern góðan sögumann til að vera með leiðsögn, ath. Sigurgeir Hilmar.

Passa að dagskrá helgarinnar liggji frammi á öllum stöðum svo fólk viti hvað er í boði og hvar það er. Koma út korti hreppsins. Nóg er til af því.

4. Samningur um útleigu Þjórsárvers:

Reynir kom með fyrirspurn um samning hreppsins við Jóhann Helga og co.

Kvenfélag Villingaholtshrepps vill láta gera lista yfir eigur þess og einnig að takmarkað verði aðgengi leigenda að hlutum þeirra. Það hverfi mikið af ýmsum hlutum úr eldhúsi.

Fundi slitið um klukkan 23.